

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Umhverfisstofnun Áb. <u>51 GF SHS</u>
10. apríl 2017 <u>08.06.01</u>
Tilv. <u>UST2016/1-093</u>

Hornafirði, 6. apríl 2017  
nr. erindis 201704016 GR

**Málefni:** Umsögn vegna starfsleyfisumsóknar Olíudreifingar, olíubirgðastöð á Höfn

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar dags. 29. mars 2017 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna starfsleyfisumsóknar Olíudreifingar vegna endurútgáfu á starfsleyfi olíubirgðastöðvar á Höfn.

Olíubirgðastöðin er staðsett við Krosseyjarveg í Álaugarveg á Höfn. Ekki liggur fyrir deiliskipulag fyrir svæðið en áform eru um að hefja vinnu við deiliskipulag fyrir svæðið 2018.

Landnotkun (Hafnir H) eru skilgreindar skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013  
*Hafnir: Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.*

Í kafla 28 í Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 kemur m.a. fram um H1 Hornafjarðarhöfn:


*Á hafnarsvæðinu er svigrúm fyrir fiskvinnslu, verkstæði og smiðjur, geymslur og annað sem er nauðsynlegt fyrir útgerð og umsýslu við skip og báta.*

*Í Álaugarey er flutningahöfn, verslun og olíubirgðastöð. Heimilt skal að stunda verslun, ferðaþjónustu svo sem gistingu og greiðasölu þar að uppfylltum kröfum um heilbrigðis- og öryggismál.*

Af því leiðir að fyrirhuguð starfsemi olíubirgðastöðvar samræmist Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030.

Sveitarfélagið óskar eftir því að það komi fram í starfsleyfi að rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu og tryggja að þar séu engir hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfsemi.

Virðingarfyllst



Gunnlaugur Róbertsson  
Skipulagsstjóri  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

